

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulagsbreyting, Stóra-Borg, lóð 12, L218056, Skagamýri 14.

Óveruleg breyting er gerð á gildandi deiliskipulagi íbúða- og landbúnaðarsvæðis í Skagamýri. Breytingin tekur til lóðarinnar Stóru-Borgar, lóðar 12, L218056. Lóðinni sem er um 5,0 ha verður skipt upp þannig að önnur lóðin verði 2,80 ha (Skagamýri 14) og hin verði 2,08 ha, sem mun fá nýtt heiti, Skagamýri 14a.

Samþykkt í sveitarstjórn 4. desember 2019.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 13. febrúar 2020.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Rúnar Guðmundsson.

B-deild – Útgáfud.: 27. febrúar 2020